



Fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

40. fundur fjallskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn að Borg, miðvikudaginn 04.12.2023 kl 19:00

Fundinn sátu:

Guðrún S. Sigurðardóttir

Ingólfur Jónsson

Brúney Bjarklind Kjartansdóttir

Bergur Guðmundsson

Benedikt Gústafson í fjarveru Haraldur Páll Þórsson

Fundargerð ritaði Bergur Guðmundsson

1. Fjallskilaseðill

Misræmi er í auglýstum fjallskilaseðli og reikning vegna fjallskila sem sveitafélagið sendi út. Fjallskilanevnd hvetur sveitafélagið að leiðrétta reikninga þannig að þeir stemmi við auglýstan fjallskilaseðil. Þ.e.a.s. 1/3 hluti af fasteingaverði 2/3 hlutar skiptast á fjáreigendur sem nýta afréttinn, Bláskógabyggð og Orkuveituna og afgangurinn kæmi sem framlag sveitasjóðs til afréttarmála og verndunar þess menningararfs sem þau eru.

2. Reikningar fjallskila

Farið yfir reikninga vegna fjallskila. 3 reikninga vantaði og einn reikningur var vitlaust skráður. Guðrúnu falið að afla reikninga sem vantaði og að fá reikninginn sem var vitlaus leiðréttan.

3. Reglur um fjallskil

Fjallskilanevnd ákvað að setja þyrfti skýrari reglur/vinnuskipulag um smölun og rukkun á þeim til að forðast að upp komi deilumál vegna þeirra.

4. Seinni leit á austurafrétt

Fjallskilanevnd leggur til að haft verði betra samráð við Laugvetninga í seinni leit á austurafrétt.

5. Smölun fyrir Orkuveituna

Senda þarf reikning vegna smölunar fyrir Orkuveituna í Hagavík og á Nesjavöllum Hagavík 6 dagsverk

6. Hlutur Bláskógabyggðar í smölun í Töglum og Þingvöllum

Endurskoða þarf hlut Bláskógabyggðar í smölun í Töglum og Þingvöllum þar sem smölun sérstaklega á Þingvöllum er mannfrek og kostnaðasöm.

Guðrúnu falið að yfirfara málið með sveitastjóra

7. Reikningur frá Björk

Sveitastjóri hefur beðið fjallskilanefnd um umsögn vegna reiknings frá Björk útaf smölun í landi Bjarkar. Fjallskilanefnd telur málið ekki falla undir sína umsögn og vísar reikningnum aftur til sveitastjóra.

Ekki fleira tekið fyrir á fundinum og honum slitið 21:20